

Nd.

948. Frumvarp til laga

[285. mál]

um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 523 með þessari breytingu:

14. gr. hljóðar svo:

Óheimilt er að skipa, setja eða ráða til kennslu við framhaldsskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla aðra en þá sem uppfylla ákvæði laga þessara.

Nú sækir enginn framhaldsskólakennari skv. lögum þessum um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og getur þá skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við menntamálaráðuneytið um að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn. Undanþágunefnd metur umsóknir og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Ef hvorki skólastjóri né neinn skólanefndarmanna mælir með umsókn framhaldsskólakennara um kennslustarf getur skólastjóri þrátt fyrir ákv. 2. mgr. leitað til undanþágunefndar framhaldsskóla og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann skv. 2. mgr. og 3. mgr. og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari og ekki má endurráða hann án undangenginnar auglýsingar.

Verði ágreiningur í undanþágunefnd um heimild til lausráðningar skv. þessari grein skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Þegar fjallað er um málefni sérskóla skal kveðja til sérmenntaðan mann á því sviði sem um er að ræða.

Starfsreglur undanþágunefndar skal ákveða nánar í reglugerð.